




Pollurinn

Framtíðarmöguleikar og sjóvarnir


Starfshópur um framtíðarskipan Pollsins á Ísafirði

Apríl 2013



Efni skýrslu

Samantekt	3
Pollurinn – ógnir og aðdráttarafl	3
Gönguleiðir	3
Flotbryggjur og ölduvörn	4
Sjósetningar báta	4
Endurheimt fjörunnar	4
Trébryggjur	4
Tilraunaverkefni við sjóvarnir	4
Hólmar við Skutulsfjarðarbraut	4
Þjónusta við aðkomuskútur og skútur heimamanna	5
Mikilvægar byggingar, hættumat og viðbrögð	5
Skolprennsli í Pollinn	5
Sjávarhækkun og landsig	5
Tillögur til bæjarstjórnar	6
Tildrög verkefnisins	7
Hlutverk nefndarinnar – Erindisbréf	8
Vinna starfshópsins	8
Fyrri hugmyndir og þróun	8
Sjóvarnir	10
Sjóvarnir, blönduð lausn til framtíðar - Umræður á íbúafundi	10
Aðstaða fyrir skemmtibáta	11
Skemmtibátahöfn - Umræður á íbúafundi	11
Útlit og skipulag	12
Hvað sérð þú fyrir þér á Pollinum? – Umræður á íbúafundi	12
Útivist, fjölskyldan, börn og unglingar, eldri borgarar. – Umræður á íbúafundi	14
Dýralíf í Pollinum. Möguleiki á örvun þess, selir, fuglar og fleira. – Umræður á íbúafundi	14
Endurvakning sjómannadagsins, tónlist og leiklist, íþróttakeppnir o.fl. – Umræður á íbúafundi	15
Byggingar og önnur mannvirki sjávarmegin. – Umræður á íbúafundi	15
Öryggismál. – umræður á íbúafundi	15
Minnispunktar frá Vegagerðinni	16
Ríkjandi vindáttir	18
Hugsanlegar framkvæmdi á Pollinum - yfirlitsmynd	20
Heimildir	21



Samantekt

Pollurinn – ógnir og aðdráttarafl

Á Ísafirði háttar þannig til að þegar vindur stendur að sunnan eða vestan, vinna Skutulsfjörður og Eyrin saman að því að búa til trekt sem beinir ágangi sjávar linnulaust að Pollgötunni, frá bensínstöð og niður fyrir Stjórnsýsluhús. Við slíkum veðrum má búast frá nóvember og fram í apríl. Hækkandi yfirborð sjávar, lág staða Eyrarinnar og þá sér í lagi nýrra landfyllinga, ásamt óheppilegri hönnun grjótvana hefur leitt til mikillar ágjafar sjávar við Pollgötu og jafnvel leitt til flóða í miðbæ Ísafjarðar. Menningarminjar og mikilvæg mannvirki geta þá verið í hættu á neyðarstundum. Einnig þarf að grípa til sérstakra aðgerða vegna Neðstakaupstaðar.

Mikil landmótun og vegagerð umhverfis Pollinn hefur leitt til þess að smám saman hefur náttúrulegum fjörum verið eytt og aðkoma bæjarbúa að sjónum verið gerð illmöguleg. Snarbratt er og stórgrýtt við sjávarbakkann og lítið um að fólk fari þá leiðina niður að sjó. Tengsl bæjarbúa við þennan förunaut okkar hafa því að nokkru leyti verið rofin.

Pollurinn hefur ætíð haft yfir sér rómantískan blæ. Skemmtisiglingar heimamanna og viðkoma erlendra seglskipa hafa orðið uppspretta umræðu um að gera Pollinn og Ísafjarðarbæ að þróttmikilli miðstöð skemmtisiglinga við norðanvert Atlantshafið.

Gönguleiðir

Það kom mjög vel fram í hópavinnu á íbúafundinum að Pollurinn á sterk ítök í bæjarbúum og margir virðast sækja hugmyndir aftur í tímann og vilja tengja saman gamla Ísafjörð og Ísafjörð framtíðarinnar með því að sækja innblástur til eldri tíma. Það sem kom einna sterkast fram á fundinum var einlægur vilji til að útbúnar yrðu gönguleiðir meðfram Pollinum. Þær skyldu liggja með sjóvarnargarðinum en tvinnast

jafnframt við hann og jafnvel liggja uppi á garðinum að einhverju leyti. Jafnframt væri af slíkum gönguleiðum greiður aðgangur niður að sjó, helst niður í fjöru.

Flotbryggjur og ölduvörn

Hagsmunaaðilum í skemmtisiglingum og ferðaiðnaði, ásamt íbúum sjálfum, hugnast mjög vel sú hugmynd að settar verði upp flotbryggjur á Pollinum, á bilinu frá Edinborgarhúsi og upp fyrir Stjórnsýsluhúsið. Slíkar flotbryggjur með fljótandi ölduvörn að vestanverðu myndu verða mikil vörn gegn ágangi sjávar á svæðinu frá Austurvegi að Edinborgarhúsi. Vegna vindálags er e.t.v. ekki líklegt að hún yrði mikið nýtt sem skútuhöfn yfir vetrartímann en í flestum veðrum ætti ölduvörnin þó að veita bátum gott skjól allt árið.

Sjósetningar báta

Rætt hefur verið um að þörf sé á betri aðstöðu til að sjósetja sportbáta. Kanna þarf hvar heppilegast væri að staðsetja sjósetningarrennu við Pollinn og hefur Hafnarstjórn þegar fjallað um þau mál. M.a. var rætt að staðsetja slíka rennu við Steiniðjuna eða gamla Olíumúlann. Hafnarstjórn samþykkti svo þann 5. mars 2013 að leggja það til við Siglingastofnun, að hefja undirbúning á að skábraut verði byggð við enda Ásgeirsbakka við hliðina á Gamla olíumúla. Gæta skal sérstaklega að því að skábrautin verði það löng að hallinn verði ekki til trafala vegna upptöku eða sjósetningar báta.

Endurheimt fjörunnar

Sú hugmynd hefur verið reifuð á fundum Pollnefndarinnar að búin verði til fjara sem nái frá Skutulsfjarðarbraut og að Austurvegi. Fjaran myndi ná allt að 60-80 metra út frá núverandi sjóvörnum við Pollgötu. Í hana þyrfti líklega u.þ.b hálfa milljón rúmmetra af möl, grjóti og jafnvel timbri og rekavið. Ef fjaran nær nægilega langt út eru líkur á að efsti hluti hennar gæti verið yfir sjávarmáli í flestum veðrum. Slík fjara myndi veita mikla vörn fyrir Pollgötuna ofan Stjórnsýsluhúss.

Trébryggjur

Mikill áhugi virðist vera meðal íbúa að reist verði trébryggja eða bryggjur við Pollinn. Þar hefur gamla Bæjarbryggjan verið nefnd og einnig Edinborgarbryggjan, nú er reyndar uppfylling á báðum þeim stöðum þar sem þessar bryggjur náðu lengst út í Pollinn, eins og sjá má á forsiðumynd þessarar skýrslu. Slíkar bryggjur verða að sjálfsögðu að taka tillit til veðurfarsaðstæðna. Edinborgarbryggju mætti hafa sem einskonar göngubryggju sem lægi með landinu og yrði því ágætlega varin fyrir ágangi sjávar. Bæjarbryggja gæti tengst bólverki sem markaði endimörkin á ofangreindri fjöru.

Tilraunaverkefni við sjóvarnir

Mögulegar lausnir til varnar gegn öldugangi og ágangi sjávar hafa verið nefndar sem gæti verið tiltölulega ódýrt að gera tilraunir með. Þarna gæti t.d. verið um að ræða einhverskonar gúmmímottur eða samhangandi öldubrjótur úr gúmmídekkjum. Fyrirmyndir eru til að slíkum lausnum.

Hólmar við Skutulsfjarðarbraut

Mikill áhugi er á hólum og grjóthaugum meðfram ströndinni við Skutulsfjarðarbraut til þess að efla fuglalíf og sem aðdráttarafl fyrir seli. Einnig hefur verið stungið upp á að gerð verði lítill eyja út frá Torfnesi, tengd landi með göngubrú, t.d. á þeim stað þar sem einnig hefur verið rætt um grjótnargarð, við verkmenntahús MÍ eða íþróttahús Torfnesi. Þessar eyjar og hólmar gætu dregið úr afli sjávangangs auk þess að gefa ýmsa möguleika til útivistar og dýralífs.

Þjónusta við aðkomuskútur og skútur heimamanna


Stærri skútur með erlendum ferðamönnum verða æ tíðari gestir í Ísafjarðarhöfn. Það hefur spurst út meðal alþjóðasamfélags þessara siglingamanna að hagstæðasti staðurinn til að bíða þess að gefi á sjóinn við Grænland er einmitt Ísafjarðarhöfn. Þetta hefur orðið til þess að slíkar skútur hafa oft viðdvöl í nokkurn tíma og jafnvel vetrarlangt. Þörf er á þjónustuaðstöðu fyrir slíka ferðalanga, t.d. þvotta-, salernis- og sturtuaðstöðu. Einnig væri vænlegt að koma upp einhverskonar miðstöð þar sem hægt væri að skiptast á upplýsingum og jafnvel njóta veitinga. Í einhverju formi mætti gera þetta í tengslum við hafnarskrifstofu en einnig má sjá fyrir sér þjónustuhús, t.d. á gamla Olíumúla.

Mikilvægar byggingar, hættumat og viðbrögð.

Meistaraneimar í haf- og strandsvæðastjórnun við Háskólasetur Vestfjarða hafa gert lauslegt mat á mannvirkjum sem eru menningarverðmæti eða mikilvægar innviðum samfélagsins og eru í hættu vegna hugsanlegra flóða. Þarna má nefna sjúkrahúsið, stjórnsýsluhúsið, bensinstöðina, Pollgötuna sjálfa, Edinborgarhúsið og gömlu húsin í Neðstakaupstað. Ástæða væri til að kanna þetta frekar.

Skolprennsli í Pollinn

Fjögur frárennsli skols liggja í Pollinn nærri Pollgötunni. Það er eiginlega sama hvaða hugmynd um mannvirkjagerð er skoðuð, skolpúttökin munu alltaf að einhverju leyti verða til ama. Fyrir liggur að skolpið sem kemur út næst hringtorgi fari um skolprásir frá norðanverðri eyrinni. Til skemmri tíma þarf að koma skolprásum við Austurveg og Edinborg á aðeins meira dýpi í Pollrennunni, en dugi það ekki má til framtíðar skoða aðra og dýrari möguleika.



Sjávarhækkun og landsig

Ljóst má vera að eyrin í Skutulsfirði er viðkvæm fyrir hækkun sjávar og landsigi Vestfjarða. Verkefni og meistararitgerðir haf- og strandsvæðanema benda eindregið til þess. Í mars 2013 hófu Háskólasetur Vestfjarða, Veðurstofa Íslands, Teiknistofan Eik, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Ísafjarðarbær að vinna að verkefni til að leiða saman aðila með til þess bæra þekkingu sem saman geti myndað öflugt teymi til að greina hvernig taka megillit til hækkandi sjávarborðs, sjávarflóða og sjávarrofs í skipulagsáætlunum. Mikilvægt er að styðja vel við slík verkefni og huga þannig að framtíð byggðarinnar.

Tillögur til bæjarstjórnar

- a) Eftirfarandi tillögur eru settar fram sem hugmyndir að því hvernig vinna megi áfram að því takmarki að bæta umhverfi og skipulag Pollsins þannig að auka megi öryggi og hagsæld um leið og hlúð er að félagsauð samfélagsins og menningu staðarins.
- b) Óskað verði eftir samstarfi við Vegagerðina um könnun á möguleikum þess að búa til fjöru við grjótgarð frá Skutulsfjarðarbraut að Austurvegi og hönnun á slíku mannvirki eftir atvikum. Einnig þarf að kanna hvaða áhrif slíka fjara hefði á þörfina fyrir endurbætur á grjótvörnum við Pollgötu. Taka þarf tillit til möguleika þess að tengja grjótvörnina við göngustíg og huga að væntanlegum aðkomuleiðum að fjörum og hafnarmannvirkjum við Pollinn.
- c) Hafnarstjóra og sviðsstjóra umhverfis- og eignarsviðs, verði falið að vinna með Siglingastofnun eða öðrum fagaðilum að áætlun um hvernig meta megi og rannsaka núverandi ástand vegna ágangs sjávar og uppsetningu rannsókna með hliðsjón af hugsanlegum tilraunum með ölduvarnir. Kerfisbundin atburðaskráning er nauðsynleg. Vindátt, vindstyrkur og sjávarhæð er meðal þess sem lesa má úr siritandi mæli við höfnina og æskilegt er að unnið verði úr.
- d) Hafnarstjóra verði falið að hafa umsjón með tilraunum við ódýrar ölduvarnir við Pollinn. Hann skili kostnaðar- og framkvæmdaáætlunum við slíkar tilraunir til bæjarstjóra. Tillögur liggi fyrir í síðasta lagi í lok októbermánaðar 2013.
- e) Hafnarstjórn komi að því að gerðar verði tillögur um þjónustu við langferðaskútur og aðrar skútur, bæði sem hér eiga heimahöfn og leið eiga hjá. Samráð verði haft við skútusiglingafólk á staðnum og hugsanlega þjónustuaðila um gerð slíkra tillagna. Tillögur að frekari þjónustu komi frá hafnarstjórn fyrir lok október 2013. Í þessu sambandi má skoða aðkomu einkaaðila að þjónustunni, með samningum eða útboði og útgáfu kynningarbæklinga og annars efnis sem unnið væri í samstarfi við þjónustuaðila.
- f) Umhverfis- og eignasviði, í samráði við hafnarstjórna, verði falið að skoða möguleika á aðgerðum vegna endurbóta á gamla Olíumúla og kostnað vegna þeirra. Tillögur liggi fyrir í síðasta lagi í lok október 2013. Hafnarstjórn hefur þegar verið að skoða lausnir í þessu sambandi.
- g) Umhverfis- og eignasviði verði falið að kostnaðarmeta einfaldar lausnir á skolpmálum í Pollinum í tengslum við hugsanlega gerð fjöru við Pollgötu, gerð skútubryggja sem verið gætu á Pollinum og mengun í innanverðum króknum við gamla Olíumúla. Tilgangurinn væri að skolpúttök verði ekki til ama og óþæginda á athafnasvæðum. Drög að hönnun á heppilegri lausn og kostnaðarmati liggi fyrir í lok október 2013.
- h) Skýrslu Pollnefndar verði vísað til vinnu við breytingar á aðalskipulagi sem standa yfir á árinu 2013 í framhaldi af ákvörðun 283. fundar bæjarstjórnar frá 16. september 2010. Lögð verði áhersla á að finna hugmyndum nefndarinnar stað í aðalskipulaginu eftir því sem kostur er og æskilegt má teljast.
- i) Umhverfisnefnd verði falið að gera tillögur að legu göngustíga meðfram Pollinum við aðalskipulagsvinnuna sem í hönd fer.
- j) Umhverfis- og eignasviði verði falið, í tengslum við aðalskipulagsvinnu, að láta gera tillögur að flotbryggju í framhaldi af gamla Olíumúla og flotbryggjur með ölduvörnum og trébryggjum við Edinborgarhús og Austurveg sem e.t.v. tengdust flotbryggjum eða göngustíg. Einnig að leggja fram kostnaðarmat á hverjum meginþætti slíkra framkvæmda.
- k) Auglýst verði eftir áhugasömum aðilum til að koma að gerð hólma og uppsetningar á steinum fyrir seli í tilraunaskyni við Skutulsfjarðarbraut.

- l) Starfshópnum um framtíðarskipan Pollsins á Ísafirði verði falið að fylgjast með úrvinnslu á tillögum bæjarstjórnar í þessu sambandi og tilheyrandi aðalskipulagsvinnu frá hausti 2013 og efna til fundar með íbúum og hagsmunaaðilum þegar efni standa til.

Tildrög verkefnisins

Þann 15. mars 2012 samþykkti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tillögu Hafnarstjórnar um að skipaður yrði starfshópur um framtíðarskipan sportbátaaðstöðu og sjóvarna við Pollinn í Skutulsfirði. Bæjarráði var falið að skipa 3-7 nefndarmenn og útbúa erindisbréf hópsins. Starfshópnum var ætlað að skila skýrslu til bæjarstjórnar í lok maí 2012. Það var svo þann 10. apríl sem bæjarráð lauk afgreiðslu erindisbréfs og skipaði starshópinn:

Í starfshópnum voru:

Gísli H. Halldórsson formaður, Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Jón Reynir Sigurvinsson og Ásgerður Þorleifsdóttir, fulltrúar Ísafjarðarbæjar og Torfi Einarsson fulltrúi HSV.

Með nefndinni störfuðu starfsmenn Ísafjarðarbæjar þeir Daníel Jakobsson, bæjarstjóri, Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri og Jóhann Birkir Helgason, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

Auk ofangreindra einstaklinga átti Vegagerðin áheyrnarfulltrúa í hópnum og einnig áttu formaður og varaformaður hópsins fund með fulltrúum Vegagerðarinnar, enda Vegagerðin hagsmuna- og samráðsaðili vegna hugsanlegra sjóvarna við Pollgötu.

Jafnframt voru kallaðir til fundar við nefndina þeir Kristján Óli Hjaltason (Króli), Jamie Alley, ráðgjafi á sviði auðlindastjórnunar og kennari við strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða, og Maik Brötzmann, meistaranemi við Háskólasetun Vestfjarða. Nefndin fékk einnig aðgang að verkefnum meistaranema í haf- og strandsvæðastjórnun sem unnin voru undir handleiðslu prófessor Mike Phillips frá University of Wales.

Hálfdán Bjarki Hálfdánsson, upplýsingafulltrúi Ísafjarðarbæjar, starfaði einnig með starfshópnum og ritaði flesta fundi hans. Einnig kom Ralf Trylla að að störfum hópsins.

Hlutverk nefndarinnar – Erindisbréf

Hlutverk starfshópsins er að semja skýrslu sem innihaldi:

- Framtíðarsýn að umhverfi Pollsins á Ísafirði með hliðsjón af núverandi aðalskipulagi og hugsanlegum breytingum á því.
- Mögulegar útfærslur af sjóvörnum fyrir Pollgötuna, sem jafnhliða gæti nýst sem aðstaða fyrir sportbáta.
- Skoða mögulegar leiðir á að auka aðgengi íbúa að fjöru og sjónum við Pollgötu og Skutulsfjarðarbraut.
- Jafnframt á starfshópurinn að halda opinn íbúafund um verkefnið og kalla eftir sjónarmiðum íbúa í þessu máli.

Vinna starfshópsins

Formaður hófst handa við undirbúning funda starfshópsins í samráði við Jóhann Birki Helgason sviðsstjóra umhverfissviðs og Guðmundar M. Kristjánssonar Hafnarstjóra. Fyrsti fundur hópsins var haldinn þann 20. apríl. Fundir voru svo haldnir vikulega til 18. maí, eða fimm fundir. Fundaröð vorsins lauk svo með því að haldinn var íbúafundur um framtíðarskipan Pollsins á Ísafirði á 4. hæð Stjórnsýsluhússins klukkan 17.00 miðvikudaginn 23. maí. Þar var haldin kynning á vinnu starfshópsins og íbúum og hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með sínar hugmyndir og athugasemdir. Fundurinn var öllum opinn en fjöldi fólks var sérstaklega boðaður á fundinn og þátttaka var því mjög góð.

Ekki tókst að ljúka störfum hópsins með skýrslugerð fyrir sumarfrí og var þráðurinn tekinn upp aftur að hausti. Fundur var haldinn 25. september og kallað eftir skýrslum hópstjóranna á íbúafundinum í maí. Þann 3. október var svo haldinn fundur starfshópsins með Jamie Alley og Maik Brötzmann, þar sem þeir kynntu hugmyndir sínar og viðhorf til verkefnis starfhópsins á almennum nótum. Jamie hefur verið ráðgjafi í Kanada varðandi úrbætur á ýmsum svið á strandsvæðum og Maik hefur verið að kynna sér gerð skemmtibátahafna (marina) í tengslum við lokaverkefni sitt úr haf- og strandsvæðastjórnun hjá Háskólasetri Vestfjarða. Maik hefur m.a. unnið að þarfagreiningu vegna viðkomu seglskipa á Ísafirði. Fundur var svo haldinn þann 15. febrúar sl. þar sem farið var yfir drög skýrslunnar. Síðasti fundur nefndarinnar fyrir birtingu þessarar skýrslu í bæjarstjórn var haldinn 26. apríl 2013.

Fyrri hugmyndir og þróun

Pollurinn við Eyrina í Skutulsfirði hefir löngum verið hugleikinn íbúum Ísafjarðar og gestum bæjarins. Í norðanveðrum myndar eyrin skjólgott var og náttúrulega höfn. Í gegnum tíðina hefur oft verið mikið athafnalíf við Pollinn og um miðja 20. öldina voru a.m.k fjórar trébryggjur við Pollinn, sú stærsta þeirra var Bæjarbryggjan. Undir lok 20. aldarinnar leiddi vegagerð og stórfelldar landfyllingar til mikilla breytinga á umhverfi Pollsins. Svo miklar hafa landfyllingarnar verið að allar þær stóru trébryggjur sem voru við Pollinn væru í dag á harðalandi ef þær væru ekki löngu horfnar.



Einn af stærstu vanköntunum við hina miklu landmótun og vegagerð umhverfis Pollinn er að smám saman hefur náttúrulegum fjörum verið eytt og aðkoma bæjarbúa að sjónum verði gerð illmöguleg. Snarbratt er og stórgrýtt við sjávarbakkann og lítið um að fólk fari þá leiðina niður að sjó. Tengsl bæjarbúa við þennan förunaut hafa því að nokkru leyti verið rofin.

Pollurinn hefur engu að síður haft yfir sér rómantískan blæ og sjósport af ýmsu tagi, vaxandi skútusiglingar heimamanna og viðkoma erlendra seglskipa hafa orðið uppspretta umræðu um framkvæmdir sem gert gætu Pollinn og Ísafjarðarbæ að þróttmikilli miðstöð skemmtisiglinga við norðanvert Atlantshafið.

Hækkandi yfirborð sjávar, lág staða Eyrarinnar og sér í lagi nýrra landfyllinga, ásamt óheppilegri hönnun sjávarbakkans við Pollgötu hefur leitt til mikillar ágjafar sjávar. Ljóst er að af þessum sökum er fyrir hendi hættu á tjóni og óþægindum vegna sjávargangs í vöndum veðrum.

Í mars 2013 hófu Háskólasetur Vestfjarða, Veðurstofa Íslands, Teiknistofan Eik, Fjórðungssamband Vestfirðinga og Ísafjarðarbær að vinna að verkefni til að leiða saman aðila með til þess bæra þekkingu sem saman geti myndað öflugt teymi til að greina hvernig taka megillit til hækkandi sjávarborðs, sjávarflóða og sjávarrofs í skipulagsáætlunum. Sú vinna og vettvangur er hinsvegar mun víðtækari og yfirgrípsmeiri en verkefni starfshópsins um framtíðarskipan Pollsins á Ísafirði.



Sjóvarnir

Eins og flest annað í Skutulsfirði má segja að náttúran hafi hannað Pollinn með norðaustanátt í huga. Þegar blæs duglega úr suðvestri gránar Pollurinn og sjór gengur yfir ýmis mannvirki, meðal annars Pollgötu sem byggð er á uppfyllingu. Veldur þetta skemmdum á slitlagi og verður til þess að sjórok gengur yfir stóran hluta Eyrarinnar og það sem á henni er, hús, bíla og annað.

Verst er ástandið á stórstraumsflæði og hefur valdið talsvert miklu tjóni, líklega hvað mestu í Þorláksmessuveðrinu fræga fyrir nokkrum árum.

Ýmsar leiðir eru til varna og allar hafa þær kosti og galla.

- Landfastar varnir. Dýpi er mikið víðast hvar, nema þá helst fyrstu metrana út af Torfnesi. Verður það til þess að óhemju mikið efni þarf til að gera landfastann grjótvarnargarð og hafa menn skotið á kostnað upp á meira en 100 milljónir króna við gerð garðs út af Torfnesi.
- Hækkun grjótgarðs við Pollgötu. Tiltölulega ódýr aðferð, en hefur þann ókost að spilla útsýni milli sjávar og lands.
- Fljótandi, steiptar varnir. Flytjanlegar og hægt að koma upp í áföngum, en áætlaður kostnaður er áætlaður 450.000 kr./m.
- Dekkjavarnir. Samanbundnar dekkjastæður eftir ákveðinni forskrift. Ódýr lausn sem drepa niður öldur og temprar særrok en óvíst með virkni í mjög slæmum veðrum.
- Trébryggjur. Falleg lausn sem hefur mikla og sterka vísun til sögunnar en hefur þann ókost að virkni er líklega takmörkuð og kostnaður frekar mikill.
- Tilraunaverkefni á Pollinum. Ólíkar gerðir ölduvarna, - verksmiðjuframleiddar og heimasmiðaðar. Kostnaður við mismunandi gerðir varna. Botnfestingar og hreyfanleiki. Áhrif staðsetningar. Hvernig væri fljótlegast og best að koma tilraunum í framkvæmd

Sjóvarnir, blönduð lausn til framtíðar - Umræður á íbúafundi

- Setja upp gömlu Bæjarbryggjuna, (setja hana annað hvort í T eða L)
- Koma fyrir fljótandi ölduvörnum frá Olíumúla í átt að Torfnesi
- Byggja síðan grjótgarð eftir Torfnesrifinu.

- Jafnvel að setja hólma í Pollinn í stað grjótgarðs.
- Hækkun á grjótvörn um ca. hálfan meter væri ekki falleg lausn.
- Áhyggjur af ís á Pollinum
- Rætt hvort ekki væri eðlilegt að skoða einhverja minni lausn við grjótvörn svo hús skemmist ekki á meðan verið er að hugsa um stóra hluti. Ekki samstaða um þetta mál, fyrst og fremst íbúar við Hafnarstræti sem höfðu áhuga á að fundin yrði lausn sem framkvæma mætti sem allra fyrst.

Aðstaða fyrir skemmtibáta

Norðanverðir Vestfirðir eru í hópi áhugaverðari staða í heiminum fyrir eigendur. Horft er hýru auga til markaðssetningar Ísafjarðar sem áhugaverðs skemmtibátalægis, aðallega fyrir seglbáta.

- Settar hafa verið fram í gegnum árin nokkrar tillögur um fyrirkomulag skemmtibátahafnar. Hér verða ræddar þær 4-5 tillögur sem mest hafa verið í umræðunni á undanförunum árum og áratugum.
- Tengsl við miðbæinn. Aðgengi notenda að þjónustu heimamanna.
- Möguleikar til tekjuöflunar og lýsing á mismunandi notendum. Hverjir eiga eftir að nota þessa þjónustu og hverjar eru þeirra þarfir, aðallega hvað varðar hafnaraðstöðu. Aðkomumenn, fyrirtæki í ferðaþjónustu, sjókattaleigur, árabátar, litlir seglbátar og annað í þeim dúr.
- Kostnaður við mismunandi mannvirki og notagildi þeirra. Flotbryggjur vs. trébryggjur. Lægi hafnaraðstöðu með tilliti til ríkjandi vindátta.
- Skipalægi og baujur. Legufæri fyrir seglbáta sem ekki liggja við bryggju. Möguleiki á annarri notkun bauja, t.d. gerð eyja eða pramma til ýmiskonar notkunar.

Skemmtibátahöfn - Umræður á íbúafundi

- Færa líf í miðbæinn.
- Sérstaða Ísafjarðar að vera með skemmtibátahöfn í miðbænum.
- Rifjað var upp hvernig þróun skemmtibátaflota Ísfirðinga hefur verið í gegnum árin. Efasemdir komu fram um að vera með miklar uppfyllingar á Pollsvæðinu.
- Mjög athugandi að byggja upp skemmtibátalagi innan við garð sem kæmi á Torfnæsrið sem með síðari útfærslum myndi geta byggst upp fullkominn hafnaraðstaða þar innan við.
- Til varnar Pollgötunni kæmi grjótgarður til norðvesturs sem myndi veita skjól á Pollgötuna. Möguleikar í markaðsmálum að fá erlendar skútur og skemmtibáta til að hafa hér viðkomu í lengri tíma og jafnvel að stíla inná markhóp um að hafa hér vetursetu í meira mæli en orðið er.
- Varaði við að leyfa umferð hraðbáta og sjópotna á Pollinum og að þeirri umferð yrði stýrt á Prestabugt.
- Hópur hafnar öllum tillögum um að byggð verði aðstaða eingöngu með það að markmiði að bátar væru á legufærum.
- Gera öfluga flotbryggju út frá Verknámshúsinu við Menntaskólann.
- Bæjar- og Edinborgarbryggjur yrðu endurgerðar í einhverri mynd og þar við yrði þrjónuð Marinuhugmynd og svo yrðu gerðir göngustígar sem tengdi þessar bryggjur.
- Leysa þurfi sjóvarnir til framtíðar með varanlegum hætti.
- Unnið verði út frá hugmyndinni að gert verði byggingasvæði út frá uppfyllingu á Torfnæsrið sem svo myndi tengjast skólasvæði á hafnarsvæði.

Útlit og skipulag

Við ákvarðanatöku um framtíðarskiplag Pollsins verður að taka fleira inn í myndina en útlit einstakra mannvirkja, hvort sem er á sjó eða landi. Horfa verður til tengingar mannlífs við Pollinn og samspil sjávar og byggðar. Alltaf þarf að hafa í huga það stórbrotna afl sem býr í hreyfingum sjávar og brýtur miskunnarlaust niður allar þær framkvæmdir sem ekki taka tillit til þeirra krafta.

- Varanleiki mannvirkja og endurkræfni umhverfisáhrifa. Er mögulegt að prófa sig áfram með einstök mannvirki? Verður aftur snúið?
- Áhrif á hringrás sjávar, útsýni og athafnir.
- Útivist, fjölskyldan, börn og unglingar, eldri borgarar. Tengsl gönguleiða við Pollinn og aðgengi að honum.
- Uppákomur. Endurvakning sjómannadagsins, tónlist og leiklist, íþróttakeppnir og fleira.
- Dýralíf í Pollinum. Möguleiki á örvun þess, selir, fuglar og fleira.

Það kom mjög vel fram í hópavinnu á íbúafundinum að Pollurinn á sterk ítök í bæjarbúum og margir virðast sækja hugmyndir aftur í tímann og vilja tengja saman gamla Ísafjörð og Ísafjörð framtíðarinnar með því að sækja innblástur til eldri tíma. Ef teknar eru saman nokkrar áherslur sem mynduðu rauðan þráð í gegnum umæðuna á öllum borðunum eru þær þessar:

- **SJÓNRÆN TENGSL** byggðarinnar við Pollinn (hin margrómaða speglun er hluti af því)
- **AÐKOMA** að sjónum fyrir gangandi fólk
- **MANNLÍF** á og við Pollinn, hvort sem það tengist miðbæjarlífinu, íþróttum, bátum eða dýralífi
- **SJÓVARNIR** þ.e. mismunandi útfærslur sem ekki spilla því sem á undan er talið

Það kom mjög skýrt fram hjá þeim sem eiga beinna hagsmuna að gæta vegna sjávargangs og flóða (m.a. húseigendur við Pollgötu) að brýnasta verkefnið sé að verja Pollgötu og mannvirki með sjóvörnum sem fyrst og virðast margir þeirra líta á hækkun grjótgarðs sem fljótverkustu og ódýrustu leiðina. Einnig er rétt að taka það fram að fólk í ferðabjónustu lagði mikla áherslu á mikilvægi þess að gefa ferðamönnum betra aðgengi að sjónum við Pollinn. Ferðamönnum hefur fjölgað umtalsvert síðustu árin og þeir sækja mikið í að sitja í sjávarmálinu, njóta útsýnisins og taka myndir. Grjótgarðurinn meðfram Pollgötu og Skutulsfjarðarbraut er ekki hannaður eða útfærður þannig að fólk geti auðveldlega komist að sjónum og er jafnvel hættulegur yfirferðar.

Hvað sérð þú fyrir þér á Pollinum? - Umræður á íbúafundi

Ásýnd

- Frá landi: Í mesta lagi lága grjótgarða. Sjórinn sjáist.
Bátafjöld. Skipalægi, baujur (legufæri).
Þegar búið er að kyrra Pollinn: sandfjörur, gönguleiðir með sjó.
Sjá mun og flóði og fjöru, sýnilegri sandfjöru til að nota/nýta.
Framlenging út í sjó með fleiri, minni rifum og vörum.
- Frá sjó: Falleg húsaröð. Húsin speglast í Pollinum á kvöldin og í miklu logni.
Lægri hafnarkantar. Speglni í Pollinum má ekki skemma.
- Að ofan: Styttri strand'lengjur', fleiri lífrænar línur. Mýkja útlínurnar. Hugsa um að byggja í náttúrulegum línunum en ekki beinum.

Trébryggjur

- Hafa Edinborgarbryggjuna með þá hugsun að hún þjóni sem göngubryggja. Þar verði hægt að dorga, jafnvel hafa útsýnisskífur þarsem nöfn fjalla og annarra kennileita kemur fram.
- Bæjar- og Edinborgarbryggjur yrðu endurgerðar í einhverri mynd og þar við yrði þrjónuð Marinuhugmynd og þar myndi gefast einstakt tækifæri til ljósmyndunnar svo yrðu gerðir göngustígar sem tengdi þessar bryggjur saman sem og göngustígar meðfram strandlengjunni.

Bátalægi/-höfn

- Skútur bæði í marínu og við legu. Bátahöfn. Sportbátahöfn = bara flotbryggjur. Flotbryggjur, vörn fyrir Pollgötuna Flotbryggju fyrir smábáta. Kannski líka flotpall
- Hafa líka flotbryggju og baujur fyrir snekkjur og kajaka og snjóþotur og 'Gest.'
- Aðstöðu fyrir smábáta, aðstöðu til að koma bát niður í sjó.
- Aðstöðu fyrir kajak, skútur, sjósportkennsla.

Íbúabyggð

Frekari íbúðabyggð nær Pollinum æskileg eins og þróun hefur orðið víða erlendis þar sem byggð hefur orðið að bryggjuhverfum í meira mæli en áður.

Eyjur/hólmar

- Eyju sem skapar skjól að hluta með tengingu í land með bogabru og möguleika á útsýnishúsi. [oftast hugsað frá Torfnesi nálægt MÍ]
- Gera litlar eyjar fyrir varpfugla. Aðstöðu sem örvar fuglalíf.
- Setja út steina fyrir seli
- Hópur leggur áherslu á að gerðir yrðu „Hólmar innar á Pollinum til örvunar fuglalífs og ánægjuauka fyrir siglara á Pollinum.

Umhugsunarefni – ekki gleyma

- Atvinna.
- Mannlíf.
- Sjávarútvegur.
- Ferðaþjónusta.

Umtalsverðar breytingar

- Pollgata færir fjær miðbæ og sjávarmegin komi venjuleg landfylling og bryggjur sem elta alla ströndina frá Edinborg inn fyrir MÍ, út frá bryggju sem ætluð er veitingahúsum og þjónustuaðilum sem hafa aðstöðu á uppfyllingu (MÍ) – tengja þetta flotbryggjum fyrir smábáta og skútur. Fylling út frá MÍ og jafnvel gamla Olíumúla mynda rými fyrir nýja höfn. Vestan við höfnina kemur svo lægi fyrir skútur og skip inn fyrir Grænagarð. Tilvalið að virkja tillögu Elísabetar og jafnvel hluta tillögu Steinþórs.

Sem minnstar breytingar

- Ég myndi vilja sjá Pollinn eins og hann er. Það væri nú nokkuð fínt ef við myndum hreinsa hann betur og kannski lagfæra hluti í kringum hann. Þetta er ekki okkar eign og við verðum að spyrja okkur hvernig þetta mannvirki sem við byggðum hefur áhrif á líf í Pollinum eftir 100 ár.

Útivist, fjölskyldan, börn og unglingar, eldri borgarar. Tengsl gönguleiða við Pollinn og aðgengi að honum. - Umræður á íbúafundi

Gönguleiðir með Pollinum

- Hafa gönguleið aðgengilega í kringum Pollinn. Gönguleiðir meðfram sjó. Gönguleiðir í kringum Pollinn. Gönguleiðir meðfram Pollinum. Gönguleiðir. Sjóvarnir geta verið leið fyrir göngustíga með strandlengju. Á milli Cuxhaven og Bremerhaven-strandlengju er gengið með, ofaná og fyrir sjóvörn.
- Nauðsynlegt væri að gera gönguleið til hliðar við grjótvörn sjávarmegin til að fólk geti notið þess að labba meðfram ströndinni.
- Hópur telur að forgangsverkefni væri að auka við göngustíga meðfram Pollgötu.
- Göngubraut fram með pollinum frá Skeiði að hafnarsvæði.

Aðgengi að sjó og fjörum

- Aðgengi sýnilegt til að lokka fólk [að sjónum]. Aðstöðu fyrir aðkomu fjölskyldna að fjöru. Aðgangur að sjó. Aðgengi að fjörum.
- Ljósmynda – veiðistaðir. (Teiknuð mynd af fólki sem situr á steinum með veiðistöng.)
- Útsýnissvæði til fuglaskoðunar.
- Steyptir pallar fyrir útsýnisvettvang og vita, niður frá þeim skáskotið stiga eða fall með pöllum sjávarmegin sem nýtast á fjöru og jafnvel í góðu veðri fyrir litla báta að liggja við eða taka fólk eða leggjast að.
- Gera aðgengi að sjónum betra m.t.t. útivistar og ferðamanna.

Sjósport

- Kænusiglingar.
- Róður.
- Lítil víkingaskip = (smíða á Ísafirði) samstarf við Þingeyri. Sexæringa og feræringa á Pollinum.

Landmótun

- Fjörur. Fjara sem hægt er að ganga í.
- Hólmahugmyndin góð.
- Pollurinn er hluti miðbæjar Ísafjarðar. Stækka land.
- Ath. forsendubr. v/byggingar hjúkrunarheimilis í bótinni, sem kallar á breytta hugsum v/þess sem verður.

Hafnaraðstaða

- Virkja Pollgötu og svæðið út frá henni sem 'Halifax norðursins.'
- Vantar stað til þess að auðvelda það að koma litlum bátum eins og árabátum á Pollinn, það er mjög mikið vesen. Það sárvantar aðstöðu til að koma bátum niður, frá 300 kg – 6000 kg.

Dýralíf í Pollinum. Möguleiki á örvun þess, selir, fuglar og fleira. – Umræður á íbúafundi

- Eyja og smáir hólmar meðfram landi.
- Setja út steina fyrir seli.
- Ekki eyðileggja búsvæði tjalda og stelka, hinna ísfirsku staðfugla.
- Öflug meindýraeyðing.
- Fuglar koma og fara, aðlagast breytingum.

- Það er svo mikill ágangur manna í kring og kannski erfitt fyrir dýr að vera í þessu umhverfi.
- Hvað má það kosta?

Uppákomur. Endurvakning sjómannadagsins, tónlist og leiklist, íþróttakeppnir og fleira. – Umræður á íbúafundi

- Hafnaraðstaða og skjól.
- Íþróttakeppnir, siglingakeppnir.
- Róðrarkeppni á sexæringum.
- Sjómannadagur hefur mikið sögulegt gildi og ef hann er auglýstur rétt þá ætti hann að geta laðað að mikið af ferðamönnum og öðrum einstaklingum.
- Sána.
- „Bæjarbryggjur“ æskilegt umhverfi.
- Menningarfulltrúar hvers bæjarfélags geta skipulagt allar bæjarskemmtanir þ.m.t. sjómannadag.

Byggingar og önnur mannvirki sjávarmegin. – Umræður á íbúafundi

- Upptökumannvirki.
- Sölubásar, veitingastaðir.
- Flotbryggjur, þjónustuhús, pöbb, útsýnisskjól.
- Það sem býr til vinnu.
- Endurreisa Fell og áþekk falleg hús, fer vel með bæjarbryggjunum.
- Nauðsynlegt að stækka miðbæ og út í Pollinn. Þar koma svo þjónustusvæði, hús sjávarmegin meðfram bryggju.

Öryggismál. – umræður á íbúafundi

- Öryggismál almennt, neyðartæki og fl. samkvæmt t.d. hafnarlögum. Leysanlegt.
- Huga þarf að öryggismálum vegna fjölskyldna, t.d. björgunarhringir, vesti.
- Hafnarkantar með stigum + sandfjara.
- Gönguleiðir niður að sjó. Vindskjól.

Minnispunktur frá Vegagerðinni

Hafnarvegur (Pollgata) [636]



Vegagerðin tók Hafnarveginn yfir frá Ísafjarðarbæ þegar hann varð þjóðvegur í þéttbýli. Það gerðist með nýjum vegalögum 1994/1995.

Hafnarvegur var í upphafi lagður alltof lágur. Miðlína hans nú er lægst í kóta um 2,25 í hæðarkerfi Ísafjarðar. Meðalstórstraumsflóð er í kóta 1,15. Stjarnfræðilegt flóð er í kóta 1,25. Við lágan loftþrýsting og áhlaðanda má búast við allt að 0,46 m hækkun sjávarborðs. Ölduhæð getur orðið allt að 1,26 m.



Hönnunarhæð rofvarnar ætti að vera í kóta $\geq 2,97$ og er þá miðað er við vindhraða 28 m/s, sem sennilega er of lítill vindhraði. Hér er lagt til að rofvörnin verði sett í kóta 3,25 eða liðlega 0,28 m ofar. Þessi hæð rofvarnar mundi koma milli stöðva 60 og 440. Bent skal á að rofvörnin er nú lægst í kóta 2,35 eða eða 0,62 m undir hönnunargildi eða 0,90 m undir þeirri hæð rofvarnarinnar, sem hér er lögð til.

Mesta hæð á rofvörn yrði þá um 1,20 - 1,25 m yfir fremri kanti vegarins. Þetta gildir á 60 m kafla. Sjá meðfylgjandi snið.

Hugmyndir hafa komið fram um að búa til garð á Torfnæsrifinu, allt að 200 m langan og búa til höfn fyrir smábáta (skemmtibáta) þar fyrir innan. Slíkur garður mundi draga eitthvað úr ölduhæð við Hafnarveg, einkum næst Hringtorginu en mundi vart breyta miklu þar sem vegurinn er lægstur nú.

Erfitt er að meta kostnað að svo stöddu þar sem hvorki er hægt að reikna magn fyllingar- né rofvarnarefnis án frekari mælinga. Þarf bæði að þversniðsmæla á stórstraumsfjöru eða dýptarmæla á flóði. Heildarmagn yrði þó um 3.800 m³ og kostnaður allt að 3.500 kr/m³ eða 13,3 Mkr.


Reykjavík lokadaginn (11. maí) 2009.

Viðbætur í mars 2012:

Dýptarmælt var við fyllinguna seint í maí 2009 sbr. meðfylgjandi þversnið. Að öðru leyti hefur málið legið í láginni hvað hönnun varðar. Rætt hefur verið um þátttöku Vg í gerð garðs á Torfnæsrifinu að svo miklu leiti sem sá garður drægi úr kostnaði við rofvarnir á Pollgötunni.

Í annan stað er rétt að hafa í huga nýja stefnu Vg um að taka mið af **0,5 m hækkun sjávarborðs** á næstu 50 árum þ.e. að við hönnun yrði þá miðað við **3,5 m y.s.** en ekki 3,25. Hækkun núverandi varnar yrði því allt upp í 1,15m frá núverandi stöðu. Hækkun hefði lítil áhrif á magn en nokkur áhrif á fólk í fólksbílum á Pollgötu sem mundi síður sjá yfir rofvörnina og út á Pollinn.

I637-105V1.TSN K1.TSN I637-105-DYPI2.TSN



Vegagerðin
Þversnið lands 19-MAR-12


636-01 Hafnarvegur Ísafirði
Djúpvegur (61) - Hafnarsvæði

Mælikvarði 1:200
100.00 - 160.00


Ríkjandi vindáttir

Vindáttir frá maí og fram í apríl:


Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður May
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður June
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður July
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður August
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður September
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður October
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður November
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður December
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður January
© windfinder.com




Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður February
© windfinder.com



Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður March
© windfinder.com



Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður April
© windfinder.com




Vindáttir allt árið:

Statistics based on observations taken between 10/2010 - 3/2013 daily from 7am to 7pm local time. You can order the raw wind and weather data in Excel format from our historical weather data request page.

Month of year	Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sep	Oct	Nov	Dec	SUM
	01	02	03	04	05	06	07	08	09	10	11	12	1-12
Dominant Wind dir.	↗	↗	↖	↖	↗	↗	↗	↗	↗	↗	↗	↗	↗
Wind probability ≥ 4 Beaufort (%)	39	40	33	30	26	28	13	20	29	36	46	43	31
Average Wind speed (kts)	11	11	10	8	8	8	6	8	8	10	12	11	9
Average air temp. (°C)	1	2	0	3	5	8	12	11	7	4	1	0	4
Select month (Help)	Jan	Feb	Mar	Apr	May	Jun	Jul	Aug	Sep	Oct	Nov	Dec	Year

Wind direction
Distribution
October(%)

Wind dir. distribution Bolungarvík/Ísafjörður October
© windfinder.com



Hugsanlegar framkvæmdi á Pollinum - yfirlitsmynd



Heimildir

- Arastou Gharibi (2011). Ecological quality assessment for Pollurinn (Ísafjörður) by using biotic indices, Masters Thesis, University Centre of the Westfjords.
- Bæjarins Besta (BB). Ljósmyndir.
- Elísabet Gunnarsdóttir (1988). Teikningar af hugsanlegu skipulagi Skutulsfjarðar.
- Íbúar og hagsmunaaðilar Ísafjarðarbæ (2012). Íbúafundur um skipulag á Pollinum.
- Jamie Allen (2012). Fundur og ráðgjöf.
- Kristján Óli Hjaltason (Króli) (2012-2013). Samtöl, fundur og tölvupóstar.
- Ljósmyndasafnið Ísafirði. Ljósmyndir frá ýmsum tímum.
- Maik Brötzmann. (2012-2013) Fundir, samtöl og tölvupóstar.
- Manuel Meidingar (2011). A preliminary vulnerability assessment for Ísafjörður, Iceland: Coastal management options to reduce impacts of sea-level rise and storm surges, Masters Thesis, University Centre of the Westfjords.
- Mike Phillips og nemendur í haf- og strandsvæðastjórnun 2012-2013. Fyrirlestrar og verkefni um hættumat við eyrina í Skutulsfirði (2012)
- Sigurður Jónsson (2011-2012), munnleg heimild og riss eftir fundi hóps áhugamanna.
- Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar (2012). Kort og teikningar.
- Úlfar Ágústsson, Einar Ólafsson, Steinþór Bragason (2009-2010). Hugmyndavinna og teikningar um skipulag á Pollinum.
- Vegagerðin (2009-2012). Fundir, tölvupóstar og minnipunktar.
- Windfinder.com (2013). Vindáttir Bolungarvík/Ísafjörður.